

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Iðnskólans í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Iðnskólans í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 427 000 og skal það haldast óskert. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan og tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru hluti af skólagjöldum, leiga af húsnæði og búnaði, samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með síðari breytingum og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105/1990, en auk þess gjafir til skólans.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að viðhaldi skólahúsnæðis, kaupum á búnaði, rekstri og öðru því sem stjórn sjóðsins telur nemendum, starfsfólki og skólastarfi til hagsbóta. Vöxtum og öðrum tekjum sbr. 3. gr. skal varið í þessu skyni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólameistari, formaður og varaformaður skólanefndar.

6. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra skólans sem sér um bókhald og reikningsskil.

7. gr.

Skólameistari sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og skal hann gefa skólanefnd skýrslu um rekstur sjóðsins a.m.k. tvisvar á ári.

8. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal stjórn sjóðsins ráðstafa eignum hans í þágu skólans.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagi og markmiðum sjóðsins með samþykki meirihluta stjórnar.

10. gr.

Stjórnin ræður endurskoðanda sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. febrúar 1993.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.